

## Laurie (Wasserman) Dann

Áhugaverð saga um Laurie (Wasserman) Dann (1957-1988), sem ólst upp í úthverfi Chicagoborgar í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Árið 1982 giftist Laurie hinum sterkefnaða, Russel Dann. Þau skildu þrem árum síðar. Laurie var þá farin að sýna skrítna áráttahegðun. Skilnaðurinn varð hatrammur. Laurie ásakaði eiginmanninn m.a. um ofbeldi og innbrot í hús foreldra sinna.

Um ári síðar staðhæfði Laurie, að fyrrum kærasti hennar, læknir, hefði gert hana óléttu. Þegar hann dró það í efa, ásakaði Laurie unnustann fyrrverandi um nauðgun á bráðamóttöku sjúkrahússins, þar sem hann starfaði.

Um svipað leyti skýrði eiginmaðurinn frá því, að hann hefði verið stunginn með ísbroddi í svefni. Fjölskylda hans fékk stöðugt símhringingar. Lagt var á, þegar svarað var.

Að liðnu ári eða svo, þegar skilnaðurinn var um það bil í höfn, ásakaði Laurie eiginmanninn einnig fyrir nauðgun. Laurie stóðst tvö lygapróf við yfirheyrsluna. Enn héldu ásakanir áfram. Að sögn Laurie hafði hann sýnt henni kynferðislegt ofbeldi á bílastæði og sent hótunarbréf.

Að vorlagi tók Laurie upp á því að ógna ættingjum fyrrverandi unnusta og eiginmanns. Hún ákærði fyrrverandi unnusta aftur um kynferðislegt ofbeldi. Þá tók Laurie einnig upp á því, að senda eittraðan safa og eittrað nasl til hinna og þessara, sem hún hafði kynnst, t.d. í tengslum við barnagæslu. Geðlæknir hennar var þar á meðal. Sá taldi, að öðrum stafaði ekki ógn af Laurie. Ei heldur var hún metin í sjálfsvígshættu.

Nú ber það til tíðinda, að Laurie sækir tvö ung börn, sem hún áður hafði gætt, á heimili þeirra. Hún ekur að barnaskóla, en þar heldur Laurie, að hún finni tvö börn fyrrverandi mágkonu. Þar reynir hún að sprengja reyksprengju. Næst ekur Laurie að leikskóla í sömu erindagjörðum, þ.e. að nema á brott börn fyrrverandi mágkonu. Þar reynir hún að kveikja í með bensíni.

Þegar þetta reynist árangurslaust ekur Laurie fyrrnefndum börnum heim til þeirra og býður þeim eittraða mjólk. Þau spýta henni út úr sér. En Laurie er ekki af baki dottin. Hún lokkar börnin og móður þeirra niður í kjallara og kveikir í. Þau sleppa með skrekkinn.

En Laurie hefur ekki lokið sér af. Vopnuð þrem skammbyssum gerir hún sig heimakomna í skóla nokkrum. Hún nær tangarhaldi á sveinstaula og skýtur hann til bana. Byssan stendur á sér, þegar hún hyggst skjóta tvo drengi til viðbótar. Þá ræðst Laurie inn í kennslustofu, skýtur fimm börn. Einn drengur bíður tilbana.

Á flóttanum ryðst hún inn í hús. Þar hittir hún fyrir konu og tvítugan son hennar. Hún útskýrir fyrir mæðginunum, að sér hafi verið nauðgað. Laurie er útötuð blóði barnanna. Það segir hún blóð nauðgarans Þegar lögreglan nálgast húsið, skýtur Laurie nefndan son. Hann lifir tilræðið af. Því næst fremur Laurie sjálfsmorð.

<https://www.chicagotribune.com/news/ct-xpm-1988-06-05-8801040887-story.html>

[https://en.wikipedia.org/wiki/Laurie\\_Dann](https://en.wikipedia.org/wiki/Laurie_Dann) - <https://murderpedia.org/female.D/d/dann-laurie.htm>